

# GÆÐAFRÉTTIR

## Mannvirkjagreinar

### Efnisinnihald

- Nýr vefur um byggingarvörur.
- Blikksmiðja Guðmundar ehf með C– vottun.
- Af hverju lægri framleiðni á Íslandi?
- Velheppnað námskeið

*“Þessu fréttabréfi er ætlað að minna félagsmenn Samtaka iðnaðarins og meistarafélaganna á aðstoð Samtakanna varðandi gæðastjórnun og rekstur”*

*-Ferdinand Hansen*

*Í dag getur þú lagt grunninn að góðum morgundegi ..... í stað þess að eyða tímanum í að redda gærdeginum!*

## Blikksmiðja Guðmundar með C– vottun

Blikksmiðja Guðmundar ehf sem hefur verið með D– vottun Samtaka iðnaðarins frá árinu 2010 hefur nú bætt um betur og staðist C– vottun SI.

Blikksmiðja Guðmundar er 40 ára gamalt fyrirtæki á Akranesi sem sinnir allri almennri blikksmiði en leggur áherslu á að leysa allar þarfar viðskiptavina sinna á eigin fagsviði. Helstu verkefni fyrirtækisins hafa verið loftræstikerfi, klæðningar og sérsmiði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Fyrirtækið er mjög vel tækjum búið og hefur yfir að ráða úrvals starfsfólki og er því vel samkeppnisfært á sínu sviði að sögn Emils Kristmanns Sævarssonar framkvæmdarstjóra. Hann segir spennandi tíma framundan hjá fyrirtækinu þar sem gæðavitund leikur stórt hlutverk. Kröfur til verktaka hafa aukist til muna að undanförunu en með vönduðu gæðastjórnunarkerfi má koma í veg fyrir ýmis vandamál og óþarfa kostnað. En gæði aukast ekki nema með samvinnu allra sem koma að og þar hefur gæðavottun Samtaka Iðnaðarins hjálpað og verið starfsfólk okkar hvatning til enn betri verka og segir Emil þennan áfanga mikla viðurkenningu á að vel hafið tekist til.

Sjá [yfirlit yfir vottuð fyrirtæki](#) á vef SI.

## Hver er ástæðan?

Það birtist áhugaverð frétt í Fréttablaðinu 1. nóvember síðastliðinn sem fjallaði um rannsókn á afköstum íslenskra iðnaðarmanna á Íslandi annarsvegar og Noregi hinsvegar. Niðurstaðan er mjög áhugaverð þar sem framleiðni var 25 til 30% meiri í Noregi en Íslandi. Einföld skilgreining á hugtakinu framleiðni er *“verðmætasköpun pr. tímaeiningu.”* Eflaust má finna margar skýringar á þessum mun. En með hugan við gæðastjórnun finnst mér áhugavert að íhuga hvort framboð af námi varðandi framleiðslu– byggingar– og eftirlitsstjórnun sé betra í Noregi en Íslandi. Samtök iðnaðarins hafa lengi barist fyrir að námskrá meistaraskólans byggi á framleiðslu- og eftirlitsstjórnun ásamt námi í almennum rekstri fyrirtækja. Ný aðalnámskrá iðnmeistaránáms gefur góð fyrirheit hvað þetta varðar þar sem m.a. er í fyrsta sinn sérstök skilgreininga á námi byggingarstjóra. Nú reynir á gæðastjórnun meistaraskólans til að fullnægja kröfum í námsskrá.

- Til að lesa greinina í Fréttablaðinu um samanburð á framleiðni á Íslandi og Noregi má [smella hér](#).

- Til að nálgast rannsóknina í heild má [smella hér](#).

### “ÁRÍÐANDI”

*Eitt af meginhlutverkum iðnmeistra og byggingarstjóra er að tryggja rétta notkun á byggingarvörum.*

*Mannvirkjastofnun hefur opnað nýtt vefsvæði sérstaklega tileinkað byggingarvörum. Þar er m.a. fjallað um vottanir, CE merkingar og innflutning á byggingarefni. Þetta er mikill fengur fyrir iðnmeistara og byggingarstjóra sem með uppáskrift sinni hjá byggingarfulltrúa bera ábyrgð á að val á byggingarvörum fullnægji kröfum í byggingarreglugerð, lögum um byggingarvörur ásamt kröfum hönnuða í verklýsingum. Því ættu allir iðnmeistarar, byggingarstjórar og hönnuðir að bæta linknum <http://byggingarvorur.is/> inn í gæðakerfið sitt.*

## Vel heppnað tölvunámskeið

Í samvinnu við IDUNA fræðslusetur hafa SI útbúið tölvunámskeið sem er til þess fallið að einfalda og auðvelda tölvu-notkun og auka færni og sjálfsöryggi þátttakenda. Nú hefur fyrsta námskeiðið verið haldið og samkvæmt könnun á ánægju þátttakenda að námskeiðinu loknu þá var það vel heppnað og þátttakendum til mikils gagns. Á námskeiðinu er lögð áhersla á grunnatriði og flýtleiðir í windows 10, kynning á office 365 og þeim miklu möguleikum sem bjóðast fyrirtækjum við notkun á SharePoint og fl. forritum sem fylgja með office 365.

Þess má vænta að boðið verði upp á fleiri slík námskeið eftir áramót.